



Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 126/1260  
komudagur 19.2.2001

15. febrúar 2001

**Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984.**

Heilbrigðiseftirlit Kjúarsvæðis vill lýsa ánægju sinni með framkomnið frumvarp um breytingar á tóbaksvarnarlögum. Breytingar sem eru lagðar til með frumvarpinu mun að áliti Heilbrigðiseftirlitsins styrkja tóbaksvarnir og draga úr þeim skaða sem tóbaksneysla veldur á heilsu almennings.

Heilbrigðiseftirlit Kjúarsvæðis vill þó koma með eftirtaldar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 7. grein frumvarpsins.

Í 1. málsgrein b. liðar kemur fram að heilbrigðisnefnd geti veitt tímabundna undanþágu frá ákvæði um 18 ára aldurstakmark seljanda. Heilbrigðiseftirlitið er þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að gefa svigrúm fyrir slíkri undanþágu. Fjöldi sölustaða tóbaks er gríðarlegur á landsvísu og ef auðvelt verður að fá undanþágu mun það kalla á mikla skriffinnsku sem eingöngu snýst um slíkar leyfisveitingar. Ef ekki er fallist á þessa athugasemd er samt rétt að taka fram í lögnum hvort þessi undanþága verði bundinn persónu starfsmanns eða nafni rekstraraðila.

Við 3. málsgrein vill Heilbrigðiseftirlitið gera eftirfarandi athugasemdir:

- a) Leyfi til að selja tóbak í heildsölu verði einnig bundið leyfi heilbrigðisnefndar og bundið öllum samskonar skilyrðum og fram kemur í 3. málsgrein. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að sala þessara aðila verði lögum samkvæmt, merkingar tóbaksvara í samræmi við lög og til að koma í veg fyrir dreifingu auglýsingaefnis.
- b) Leyfi til tóbakssölu í heildsölu og smásölu verði bundinn til 4 ára en ekki 5 ára. Almennt eru starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir aðra starfsemi til 4 ára og er eðlilegt að miða við sama leyfistíma fyrir leyfi til tóbakssölu.

Við 4. málsgrein verði bætt eftirfarandi setningu: „Heilbrigðisnefnd getur í leyfi til tóbakssölu gert kröfu um innra eftirlit heildsala.“ Innra eftirlit hefur mjög rutt sér til rúms innan eftirlitsgeirans og nægir þar að nefna allt matvælaeftirlit en einnig almennt heilbrigðiseftirlit s.s. með hreinsun sundlauga. Með því er eftirlitið eins og kostur er flutt til fyrirtækjanna sjálfra og hægt að minnka opinbert eftirlit að sama skapi.

Við 15. grein frumvarpsins.

Í 1. málsgrein er vísað í 27. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti en á að vera 26. grein.

Við 18. grein laganna.

Aukið verði við 1. málsgrein 18. greinar, eftir „stofnanir“, eftirfarandi: „... og geta þær beitt þeim þvingunarúrræðum sem þau lög heimila.“

### Líkleg áhrif frumvarpsins á tóbakssölu til yngri en 18 ára.

Mikilvægt er við lagasetningu að löggjafarvaldið fái glöggar upplýsingar um ástandið eins og það er og ekki síður hver líkleg áhrif lagasetningar muni verða. Ekki kemur annað fram í frumvarpinu og lögnum en að það sé einlægur vilji Alþingis að tóbak verði ekki selt yngri en 18 ára. Því miður er ólíklegt að þær breytingar sem hér eru lagðar til á 8. grein laganna muni ná að stöðva tóbakssölu til ungmenna yngri en 18 ára. Vandinn sem við hefur verið að etja í því sambandi er ekki sá að skort hafi þvingunarúrræði til að framfylgja banninu heldur mikli fremur sá að ekki er með góðu móti hægt að hafa virkt eftirlit með því. Eina virka eftirlitið sem hugsast getur að virki er svo kallað tálbeitu eftirlit, þar sem eftirlitsaðili fylgist með unglingi sem er á hans snærum kaupa tóbak, en vandséð er að slíkt sé leyfilegt í dag.

Hægt er að hafa eftirlit með nokkrum atriðum á tóbakssölustöðum og verða þau atriði fleiri ef frumvarpið verður að lögum en samt sem áður er virkt eftirlit útilokað. Kvartanir frá almenningi eru mjög fátíðar og ekki er hægt að hafa eftirlitsmenn standandi upp á endan á sölustöðum tímunum saman. Heilbrigðisfulltrúi kemur í dag á flesta sölustaði tóbaks einu sinni á ári og jafnvel þótt tíðni koma sé fjölgað í 2-4 skipti á ári er ekki hægt að búast við mikið betri árangri.

Kannanir á vandanum sem við er að etja hvað varðar reykingar ungmenna sýna svo ekki verðu um villst að hann er umtalsverður. Kannanir á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélagsins á reykingum 12-16 ára grunnskólanema sýndu að árið 1998 reyktu um 8 % unglinga í þessum aldurshóp daglega og alls reyktu um 11,5% aldurshópsins daglega eða sjaldnar. Hlutfall reykinga er að sjálfsögðu hærra meðal elstu krakkana í þessum aldurshóp en meðaltalið gefur til kynna. Kannanir sýna jafnframt að það er ekki erfitt fyrir ungmenni að kaupa sér tóbak (Tafla 1). Áhrif sérstaks leyfis til tóbakssölu mun fyrst og fremst hafa áhrif með því að takmarka fjölda sölustaða tóbaks en fjöldi sölustaða er gríðarlegur. Það er selt í nálega öllum matvöruverslunum, söluturnum, kaffihúsum, veitingastöðum, skemmtistöðum, bensinstöðvum, golfskálum, hótelum og gististöðum og er þá ekki allt talið. Því mun leyfisveitingin leiða til eitthvað betra ástands.

Að áliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis eru þrjár leiðir líklegastar til að hindra almenna sölu tóbaks til ungmenna yngri en 18 ára. 1) Að skilgreina níkotín sem lyf og leyfa tóbakssölu einungis úr lyfjabúðum. 2) Að gera kröfu um að sala tóbaks geti einungis farið fram í sérstakri lokaðri deild með sérstöku starfsfólki í verslun eða úr sérstökum tóbaksbúðum. 3) Að heimila notkun tálbeita við eftirlit með sölustöðum tóbaks, sem er ekki geðfellt leið en hún getur skilað árangri með litlum tilkostnaði.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson  
heilbrigðisfulltrúi

**Tafla 1. Niðurstöður kannana í þremur sveitarfélögum á sölu tóbaks til unglinga undir tilskyldum aldursmörkum.**

Sveitarfélag	Könnun	Fjöldi verslana sem seldu unglingi tóbak	Fjöldi verslana sem seldu ekki tóbak	Heildarfjöldi verslana í könnun	Hlutfall verslana sem seldu unglingi tóbak
Hafnarfjörður	jan. 1996*	26	3	29	90 %
"	mars 1996*	28	2	30	93 %
"	okt. 1996°	19	12	31	61 %
"	des. 1996°	12	9	21	57 %
"	sept. 1997°	26	6	32	81 %
"	okt. 1998°	18	14	32	56 %
"	apríl 1999°	18	15	33	55 %
Reykjanesbær	28. nóv. 1997°	4	10	14	29 %
"	29. nóv. 1997°	6	9	15	40 %
"	1. des. 1997°	6	10	16	38 %
"	4. sept. 1998°	16	3	19	84 %
"	8. sept. 1998°	5	14	19	26 %
"	28. sept. 1998°	4	15	19	21 %
	mars 2000°	20	11	31	65 %
	sept. 2000°			30	33 %
Reykjavík	29 mars 1999°	85	40	125	68 %
	27. nóv. 2000°	93	68	161	58 %
	lok jan. 2001°	79	83	162	49 %

\*Aldurstakmark; bann við sölu til yngri en 16 ára fyrir gildistöku laga nr. 101/1996.

°Aldurstakmark; bann við sölu til yngri en 18 ára eftir gildistöku laganna.

Taflan er tekinn saman úr gögnum frá eftirtöldum aðilum:

- 1) Æskulýðs- og tómstundaráð Hafnarfjarðar. Kannanir fræmkvæmdar af félagsmiðstöðinni Vitanum.
- 2) Félagsmiðstöðin Ungó í Reykjanesbæ.
- 3) Æskulýðs- og tómstundaráð Reykjavíkur. Könnun framkvæmd af félagsmiðstöðvum í hverfum borgarinnar. Samvinna var við Tóbaksvarnarnefnd og Lögregluna í Reykjavík.
- 4) Ekki er um tæmandi upptalningu á niðurstöðum allra kannana. T.d. náðist ekki að fá nýjustu tölur úr Hafnarfirði.